



FHGG

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Borgarráð
b.t. Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur

Reykjavík 7. október 2020

Efni: Beiðni um niðurfellingu á fasteignagjöldum

Heimsfaraldur Covid-19 og sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda hafa haft gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna. Alþingi hefur samþykkt ýmis lög í þeim tilgangi að styðja við bæði atvinnurekendur og launþega, halda uppi atvinnustigi og þar með stuðla að minni samdrætti en ella. Aðgerðir stjórnvalda og sveitarfélaga þurfa að vera með þeim hætti að tryggja að atvinnulífið verði í stakk búið til þess að taka kröftuglega við sér þegar áhrif heimsfaraldursins taka að réna og viðspyrnan hefst.

Ein af aðgerðum stjórnvalda til að koma til móts við atvinnurekendur var að samþykkja 14. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 25/2020. Þar var gjaldendum fasteignaskatts, sem áttu við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, heimilað að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts á gjalddaga 1. apríl 2020–1. janúar 2021.

Fyrirgreind löggjöf ber það með sér að löggjafinn var sannfærður um að efnahagsvandinn væri tímabundinn. Það hefur margt breyst síðan fyrirgreint úrræði var sett. Bæði með því að aðgerðir á landamærum hafa verið hertar og faraldurinn er mun lífseigari en ætlað var í upphafi. Því er alveg ljóst að fastkostnaður atvinnurekenda gerir lífróður þeirra erfiðann og því þurfi frekari aðgerðir til að draga úr þeim kostnaði. Þar spila fasteignagjöld stóran hluta.

Atvinnurekendur í ferðaþjónustu sem reka t.d. hótél, hópferðafyrirtæki og afþreyingu þurfa því nauðsynlega að fá niðurfellingu fasteignagjalda. Ef ekki niðurfellingu þá frestun, ef ekki frestun þá lengingu í lögveði fasteignaskatta vegna ákveðinna ára.

Niðurfelling fasteignagjalda:

Til þess að atvinnurekendur sem reka ferðaþjónustufyrirtæki nái vopnum sínum á ný til þess að leiða viðspyrnuna þegar kemur að verðmætasköpun í atvinnugreininni þá þurfa að vera til staðar ferðaþjónustufyrirtæki.

Í fjárlagafrumvarpinu segir m.a.:

„Efnahagsbatinn í spánni er einkum drifinn áfram af vexti í útfluttri ferðaþjónustu, einkaneyslu og atvinnuvegafjárfestingu eftir áfall yfirstandandi árs. Á móti vegur aukinn innflutningur. Gert er ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi úr um 500.000 árið 2020 í rúm 900.000 árið 2021 og að það eigi stærstan þátt í að valda því að þjónustuútflutningur vaxi um þriðjung.“

Forsendur fjárlaga byggja því á að hér verði ferðaþjónusta til að taka á móti gestum.

Tekjulaus ferðaþjónustufyrirtæki til lengri tíma enda í bankakerfinu og fyrirtæki í bankakerfinu skapa engin verðmæti. Til þess að tekjulaus ferðaþjónustufyrirtæki geti staðið af sér núverandi ástand þá þarf núverandi fastkostnaður að minnka. Ein leið til þess að lækka fastkostnað fyrirtækja í ferðaþjónustu er að fella niður fasteignaskatt á þau.

Sveitarfélögin þurfa því að koma til móts við rekstaraðila í ferðapjónustu og fella niður fasteignagjöld fyrir árið 2020. Sveitarfélögin þurfa að standa með atvinnugreininni í kreppu til að þau njóti góðs af þeirri starfsemi í uppgangi. Öll atvinnuhúsnæði sem bera atvinnustarfsemi í ferðapjónustu skulu undanþegin fasteignagjöldum fyrir árið 2020 og/eða 2021.

Sveitarfélögin þurfa því að krefjast lagasetningu til þess að þessi niðurfelling nái fram að ganga.

Frestun greiðslna:

Ef fyrrgreind niðurfelling er talin vera of kostnaðarsöm þá þarf að veita sveitarfélögum heimild til að fresta greiðslu fasteignaskatts til lang tíma.

Sveitarfélög þurfa því heimild til að veita atvinnurekendum heimild til að fresta greiðslu fasteignagjalda sem stofnað er til á árunum 2020 til 2022 allt að tíu ára. Samingurinn gæti verið í formi skuldabréfs. Skuldabréfið yrði tryggt með lögveði í fasteign þeirri sem fasteignaskatturinn fylgir.

Önnur frestunarleið yrði svipuð og þeirri sem var samþykkt nú í vor. Heimilt yrði að fresta fasteignaskattinum á árinu 2020 til 2022 til lengri tíma. Dæmi væri að hann myndi leggjast á fasteignagjöld á löngum tíma 2023 til 2028. Þá myndi koma inn lagaheimild sem myndi mæla fyrir um að þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna þá fylgir fasteignaskatti vegna árána 2020 – 2022 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og skal hann fylgja lögveði í fimm ár. Sú lagaheimild sækir sér fyrirmynd í lögum 6/2009 en þá var lengt í lögveðum í fasteign í fjögur ár í stað tveggja fyrir árin 2008 til 2010.

Sveitarfélögin þurfa því að krefjast heimildar til að fresta greiðslu fasteignaskatts svo sveitarfélög hér á landi geti notið góðs af rekstri þessarar atvinnugreinar á komandi árum þegar veiran hefur kvatt okkur.

Virðingarfyllst

f.h. Samtök ferðapjónustunnar



Jóhannes Pór Skúlason

f.h. Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu



Kristófer Oliverson